

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Ársreikningur 2017

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin eru hagsmunasamtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Markmið samtakanna varða atvinnu-, efnahags-, mennta- skipulags-, samgöngu-, og félagsmál. Einnig að stuðla að aukinni samvinnu sveitarfélaga á Vesturlandi og víðtækari þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður samtakanna á árinu 9,3 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2017 samkvæmt efnahagsreikningi nam 58,1 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu níu starfsmenn hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi í 6,9 ársverkum, laun og launatengd gjöld á árinu námu 72,3 millj. kr. auk launa og launatengdra gjalda vegna umsjónar sóknaráætlunar að fjárhæð 7,6 millj. kr. Námu laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra 15,5 millj. kr.

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru tíu en þau eru; Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Rekstur og umsjón verkefnisins "efling almenningssamgangna" var í lok september 2017 fært í félagið NVB ehf. Samhliða yfirfærslu var hlutafé félagsins aukíð og tveir nýjir hluthafar komu að félaginu. Nánar er fjallað um áhrif þessa á rekstur SSV og reikningsskil í skýringu 3 og 18 í ársreikningi. Samhliða yfirfærslu var gengið frá yfirlýsingu um skiptingu ábyrgðar hluthafa á framkvæmd verkefnisins í samræmi við samning við Vegagerðina. Stjórn SSV hefur samþykkt að verði halli á rekstri NVB ehf árið 2017 munu samtökin taka á sig 50% af rekstrarhallanum en hinn helmingurinn mun skiptast á milli Fjórðungssambands Vestfirðinga og SSNV samkvæmt samkomulagi eigenda NVB ehf. Rétt er að taka fram að á fjárlögum ársins 2018 er fjárveiting til landshlutasamtaka til að mæta rekstrartapi á árinu 2017, en eftir er að skipta þessum fjármunum á milli þeirra. Hlutdeild í afkomu NVB ehf. tekur mið af ábyrgð samtakanna í samræmi við framangreind hlutföll.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 16. mars 2018.

Í stjórn samtakanna:

Rakel Oskarsdóttir
Guðrún Eggvadóttir
Geirþang Johannsdóttir
Ógga Þ. Jónsdóttir
Silmur Halvvarðsson
Þórunn Hilmarsson
Stefán G. Arnarsson
Sten Þorsteinsson
Halldis Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri:

Rann S. Brynjólfsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðila að samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samtakanna 31. desember 2017 og afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samtökunum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningssskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæf.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 16. mars 2018.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrartekjur:				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	10	31.646.050	31.363.900	30.740.920
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		30.626.403	29.512.500	27.536.994
Framlag Byggðastofnunar		22.431.000	22.431.000	25.740.571
Styrkir vegna sérverkefna	11	11.904.913	13.670.978	13.747.016
Tekjur atvinnuráðgjafar		1.115.500	13.962.486	3.032.000
Sóknaráætlun vegna menningarfulltrúa		7.141.257	0	0
Sóknaráætlun vegna þjónustusamnings	14	7.000.000	9.843.000	7.000.000
Aðrar tekjur		14.408.815	150.000	10.757.359
Hagnaður af sölu eigna		0	0	230.827
	2	<u>126.273.938</u>	<u>120.933.864</u>	<u>118.785.687</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	12	72.297.792	82.560.292	67.532.880
Annar rekstrarkostnaður	13	21.803.536	28.769.189	24.729.405
Rekstrargjöld vegna Sóknaráætlunar	15	10.857.386	0	11.491.515
Gjöld vegna sérverkefna	16	0	0	5.000.000
Framlög vegna atvinnuþróunar	17	5.700.000	5.700.000	5.500.000
Afskriftir	4,19	2.163.513	2.551.649	2.834.099
		<u>112.822.227</u>	<u>119.581.130</u>	<u>117.087.899</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		13.451.711	1.352.734	1.697.788
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur og arður		688.429	520	1.185.240
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(255.171)	0	(1.219.826)
		<u>433.258</u>	<u>520</u>	<u>(34.586)</u>
Áhrif hlutdeildarfélags	20	(2.881.683)	0	0
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi		11.003.286	1.353.254	1.663.202
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi	3,18	(1.688.787)	0	7.058.118
Hagnaður ársins	25	<u>9.314.499</u>	<u>1.353.254</u>	<u>8.721.320</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	19	27.865.577	29.765.090
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum.....	20	0	500.000
Eignarhlutir í öðrum félögum	20	500.000	500.000
Fastafjármunir alls	4	<u>28.365.577</u>	<u>30.765.090</u>
Viðskiptakröfur.....	6,21	7.969.170	22.466.752
Ýmsar skammtímakröfur.....		2.912.449	7.014.371
Óinnheimtar tekjur vegna Sóknaráætlunar.....	14	17.034.778	64.572.025
Handbært fé.....	22	103.427.531	47.161.326
Veltufjármunir alls		<u>131.343.928</u>	<u>141.214.474</u>
Eignir samtals		<u><u>159.709.505</u></u>	<u><u>171.979.564</u></u>
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	25	<u>58.069.464</u>	<u>48.754.965</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldbindingar vegna hlutdeildarfélags	5,14	<u>2.381.683</u>	<u>0</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	23	<u>3.664.000</u>	<u>4.764.400</u>
Skammtímaskuldir:			
Óúthlutaðir styrkir vegna sóknaráætlunar	14	26.086.519	30.714.891
Ógreiddir styrkir og kostnaður vegna sóknaráætlunar	14	53.013.500	43.693.377
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir		15.393.939	42.951.531
Næsta árs afborganir langtímaskulda	23	1.100.400	1.100.400
		<u>95.594.358</u>	<u>118.460.199</u>
Skuldir samtals		<u>101.640.041</u>	<u>123.224.599</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>159.709.505</u></u>	<u><u>171.979.564</u></u>
Eignir utan efnahagsreiknings	24		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðastliðnu ári.

2. Innlausn tekna

Árgjald samtakanna er tekjufært á grundvelli samnings sveitarfélaga sem að samtökunum standa og byggir á fastagjaldi og gjaldi miðað við íbúafjölda. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

3. Aflögð starfsemi

Í þeim tilfellum sem SSV hættir starfsemi sem aðgreinanleg er frá áframhaldandi starfsemi samtakanna er gerð grein fyrir áhrifum þess í ársreikningi. Mat á því hvenær rekstrareining telst vera aflögð er þegar ákvörðun hefur verið tekin um yfirfærslu reksturs eða sölu einingar. Þegar starfsemi hefur verið skilgreind sem aflögð er samanburðartölum rekstrar breytt eins og að starfsemi hafið verið aflögð í upphafi samanburðartímabils.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign	50 ár
Bifreið	5 ár
Húsbúnaður	5 ár

5. Eignarhlutir í félögum og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðrymnunar þeirra. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í afkomu samkvæmt hlutdeildaraðgerð. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð er bókfærða verðið fært í núll. Færslu frekara taps er þá hætt nema samtökin hafi gengist í ábyrgðir fyrir félagið. Hafi samtökin gengist í ábyrgðir fyrir tapi er færð upp skuldbinding sem ábyrgðinni nemur.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samtakanna. Viðskiptakröfur í árslok 2017 eru færðar niður um 0,4 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

7. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2017 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

8. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 5,8 millj. kr. í árslok 2017 og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

9. Handbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

10. Árgjöld til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Sveitarfélag	2017		2016	
	Íbúar	Kr.	Íbúar	Kr.
Akraneskaupstaður.....	7.051	12.169.150	6.908	11.710.960
Hvalfjarðarsveit	636	1.584.400	622	1.527.640
Skorradalshreppur	58	630.700	53	605.860
Borgarbyggð	3.677	6.602.050	3.637	6.411.940
Eyja- og Miklaholtshreppur	120	733.000	138	743.560
Snæfellsbær	1.625	3.216.250	1.663	3.214.060
Grundarfjarðarbær	869	1.968.850	899	1.976.380
Helgafellssveit	55	625.750	55	609.100
Stykkishólmsbær	1.168	2.462.200	1.113	2.323.060
Dalabyggð	678	1.653.700	678	1.618.360
	<u>15.937</u>	<u>31.646.050</u>	<u>15.766</u>	<u>30.740.920</u>

2017

Fastagjald 535.000 kr. x 10 sveitarfélög

Íbúagjald 1.650 kr. x 15.937 íbúar

11. Styrkir vegna sérverkefna

	2017	2016
Byggðastofnun vegna byggðapróunarverkefnis	2.500.000	0
Styrkur frá Jöfnunarsjóði vegna Sóknaráætlunar	3.952.913	2.843.851
Styrkur vegna almenningsamganga	2.202.000	0
Styrkur vegna Gestastofu	500.000	0
Styrkur vegna verkefnastjórnunar	2.000.000	2.000.000
Styrkir vegna samstarfsverkefna	0	2.000.000
Styrkur vegna Bíodísil-verkefnis	750.000	1.250.000
Tekjufærðir óúthlutaðir styrkir vegna Fjarskiptaverkefnis	0	5.653.165
	<u>11.904.913</u>	<u>13.747.016</u>

Skýringar, frh.:

12. Laun og launatengd gjöld

Laun atvinnuráðgjafa	29.146.192	23.366.398
Laun annarra starfsmanna	29.053.225	27.879.811
Laun stjórnar og nefnda	3.248.540	2.575.620
Reiknað áunnið orlof sbr. skýringu 7, breyting	125.039	914.530
Mótframlag í lífeyrissjóð	7.622.737	6.929.491
Tryggingagjald	5.052.226	4.692.414
Önnur launatengd gjöld	1.305.323	1.030.270
Framlag til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs	3.554.850	0
Tryggingar starfsfólks	195.210	144.346
Hlutdeild Vesturlandsstofu í launakostnaði	(5.500.000)	0
Hlutdeild Vinnumálastofnunar í launakostnaði	(1.505.550)	0
	<u>72.297.792</u>	<u>67.532.880</u>
Laun vegna sóknaráætlunar (sbr. skýringu 15.)	6.233.856	6.220.063
Launatengd gjöld vegna sóknaráætlunar (sbr. skýringu 15.)	1.367.851	1.549.469
	<u>7.601.707</u>	<u>7.769.532</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>79.899.499</u>	<u>75.302.412</u>

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarsambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Í upphafi árs 2018 barst Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Menningarráði Vesturlands uppgjör vegna hlutdeildar þeirra í framangreindu framlagi til Brúar lífeyrissjóðs. Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 14.789.296 kr. Um er að ræða framlag í jafnvæggissjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Skipting þess er eftirfarandi:

- 3.321.026 kr. framlag í jafnvæggissjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 10.354.321 kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 1.113.949 kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar eru 3.554.850 kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017. Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018.

13. Annar rekstrarkostnaður

Húsnæðiskostnaður:	2017	2016
Viðhald húss og búnaðar	1.626.382	1.100.669
Rafmagn	165.342	155.974
Vátryggingar	141.383	135.161
Fasteignagjöld	747.183	714.397
Húsgjöld	717.925	739.398
Húsaleiga	322.500	0
Hreinlætisvörur	60.806	46.204
Hlutdeild Verkís hf. í rekstrarkostnaði	(427.200)	(461.898)
Húsnæðiskostnaður alls	<u>3.354.321</u>	<u>2.429.905</u>
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:		
Aðkeypt þjónusta	6.172.161	5.989.031
Aðkeypt þjónusta vegna samstarfsverkefna	0	2.059.170
Fundir, ráðstefnur og ferðakostnaður vegna samstarfsverkefna	0	4.191.222
Endurgreitt vegna útlagðs kostnaðar	(2.098.440)	(4.251.402)
Endurgreitt vegna samstarfsverkefna	0	(1.234.600)
Fundir, ráðstefnur og ferðakostnaður	2.287.899	766.983
Heimasíðugerð	0	1.408.093
Bifreiðastyrkir	4.728.130	5.509.460
Dagpeningar	3.679.097	3.599.956
Smááhöld, tæki, skrifstofuvörur og tölvuforrit	668.104	1.187.800
Sími og burðargjöld	1.228.981	1.317.643
Pappír, prentun og ritföng	16.787	191.337
Auglýsingar	203.548	435.480
Önnur framlög	281.010	248.393
Rekstur eigin bifreiða	604.843	202.324
Bækur, blöð og tímarit	263.532	299.223
Veggjald vegna Hvalfjarðarganga	36.854	67.414
Kaffistofa	304.898	308.474
Viðhald skrifstofuáhalda	175.906	758.025
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	(763.031)	(730.311)
Annar kostnaður	658.936	562.245
Endurgreiddur kostnaður frá Sóknaráætlun	0	(586.460)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	<u>18.449.215</u>	<u>22.299.500</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>21.803.536</u>	<u>24.729.405</u>

14. Sérverkefni

Sóknaráætlun

Samkvæmt samningi sem gerður var við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, umsjónar- og framkvæmdaaðili Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árin 2015 til 2019. Í samningnum er kveðið á um að verkefni sóknaráætlunar séu þrjúþætt:

- Starfrækja Uppbyggingarsjóð Vesturlands sem veitir styrki til nýsköpunar í atvinnulífi og menningarmála. Sjóðurinn kom í staðinn fyrir menningarsamning og vaxtarsamning sem höfðu þetta hlutverk áður.

- Setja af stað áhersluverkefni fyrir landshlutann sem eru n.k. átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála og hafa beina skírskotun til Sóknaráætlunar Vesturlands.

- Vinna stefnu og framtíðarsýn fyrir Vesturland til næstu ára.

Í samræmi við samning um Sóknaráætlun Vesturlands eru 7 millj. kr. færðar til tekna í rekstri SSV til að mæta kostnaði við framkvæmd samningsins. Óúthlutaðir verkefnastyrkir eru færðir til skuldar í efnahagsreikningi.

Sóknaráætlun

Framlög:

	2017	2016
Framlög frá ríkissjóði	83.715.806	70.421.028
Framlög frá sveitarfélögum	11.946.750	11.824.500
Vaxtatekjur (nettó)	60.094	562.351
	95.722.650	82.807.879

Úthlutanir ársins:

Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir	25.860.000	27.700.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	7.100.000	7.300.000
Menningarstyrkir	21.700.000	21.450.000
Áhersluverkefni	17.099.765	25.434.887
Öndvegisverkefni	15.500.000	0
Annar rekstrarkostnaður vaxtarsamnings	7.000.000	7.000.000
Framlag vegna reksturs menningarfulltrúa	7.141.257	0
Úthlutun styrkja (niðurfelldir)	(1.050.000)	(1.775.000)
	100.351.022	87.109.887
 (Úthlutað frá fyrri árum) til úthlutunar á næsta ári	(4.628.372)	(4.302.008)
 Óúthlutaðir styrkir vegna sóknaráætlunar í upphafi árs	30.714.891	35.016.899
(Úthlutað frá fyrri árum) til úthlutunar á næsta ári	(4.628.372)	(4.302.008)
Óúthlutað samtals í árslok	26.086.519	30.714.891
 Óinnheimtar tekjur vegna Sóknaráætlunar	17.034.778	64.572.025
	17.034.778	64.572.025
 Ógreiddir styrkir vegna Sóknaráætlunar	48.917.500	37.605.000
Ógreiddur kostnaður vegna Sóknaráætlunar	4.096.000	6.088.377
Ógreiddir styrkir og kostnaður vegna Sóknaráætlunar	53.013.500	43.693.377

Skýringar, frh.:

15. Rekstrargjöld SSV vegna sóknaráætlunar

Laun:

	2017	2016
Laun menningarfulltrúa	5.313.686	5.362.542
Laun stjórnar	920.170	857.521
Áfallið orlof, breyting	4.194	91.393
Tryggingagjald	553.238	632.778
Lífeyrissjóður	803.902	818.907
Önnur sjóðagjöld	6.517	6.391
	<u>7.601.707</u>	<u>7.769.532</u>

Annar kostnaður:

Dagpeningar	291.200	296.800
Ökutækjastyrkur	995.170	1.897.610
Aðkeypt þjónusta	573.850	479.590
Auglýsingar	998.659	595.988
Funda- og ferðakostnaður	156.300	261.567
Annar kostnaður	240.500	190.428
	<u>3.255.679</u>	<u>3.721.983</u>

Rekstrargjöld vegna sóknaráætlunar alls	<u>10.857.386</u>	<u>11.491.515</u>
---	-------------------	-------------------

16. Gjöld vegna sérverkefna

	2017	2016
Styrkveitingar vegna eldri sóknaráætlunar	0	5.000.000
	<u>0</u>	<u>5.000.000</u>

17. Framlög vegna atvinnuþróunar

Rekstrarstyrkur til Vesturlandsstofu ehf.	5.700.000	5.500.000
	<u>5.700.000</u>	<u>5.500.000</u>

Skýringar, frh.:

18. Aflögð starfsemi

Í lok september 2017 yfirtók NVB ehf. umsjón með framkvæmd sérverkefni byggðu á samningum milli Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um skipulagningu almenningsamgangna innan Vesturlands og á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins. Samhliða yfirfærslu umsjónar með verkefninu var hlutfé aukið í NVB ehf. og hluthöfum fjölgað um tvo. Félagið NVB ehf. er í eigu þriggja landshlutasamtaka, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Fjórðungssambands Vestfirðinga, hvert með þriðjungs hlut. Samningur landshlutasamtakanna við Vegagerðina um umsjón með almenningsamgöngum mun renna út í árslok 2018. Vinnuhópur á þeirra vegum hefur lagt til að samningunum verði sagt upp fyrir 31. mars 2018. Stjórn SSV samþykkti á fundi sínum 7 mars 2018 að segja upp samningi sínum við Vegagerðina, en lýsti sig jafnframt reiðubúna til þess að eiga viðræður við Vegagerðina um áframhaldandi umsjón verkefnisins með hliðsjón af endurskoðuðum forsendum (Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi greinist þannig:

(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi:

Tekjur almenningsamganga	242.299.190	321.303.697
Gjöld almenningsamganga	(243.987.977)	(314.245.579)
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi	(1.688.787)	7.058.118

Sjóðstreymi aflagðrar starfsemi

Handbært fé frá rekstri	(3.946.720)	(4.212.105)
Krafa á hlutdeildarfélag, breyting	3.946.720	4.212.105
Lækkun á handbæru fé ársins	0	0

19. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreiðar	Búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2017.....	36.241.051	8.187.750	4.199.895	48.628.696
Afskrifað áður	(11.963.935)	(4.652.850)	(2.246.821)	(18.863.606)
Bókfært verð 1.1.2017.....	24.277.116	3.534.900	1.953.074	29.765.090
Víðbót á árinu	0	0	264.000	264.000
Afskrifað á árinu	(724.821)	(1.008.510)	(430.182)	(2.163.513)
Bókfært verð 31.12.2017.....	23.552.295	2.526.390	1.786.892	27.865.577
Heildarverð 31.12.2017.....	36.241.051	8.187.750	4.463.895	48.892.696
Afskrifað samtals 31.12.2017.....	(12.688.756)	(5.661.360)	(2.677.003)	(21.027.119)
Bókfært verð 31.12.2017.....	23.552.295	2.526.390	1.786.892	27.865.577
Afskriftahlutföll.....	2%	20%	20%	

Fasteignamat húsnæðis og lóðar nam 28,4 millj. kr. í árslok 2017 en brunabótamat 79,0 millj. kr.

Skýringar, frh.:

20. Ahættufjármunir

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhaldsfélagið Spölur hf.	0,6%	500.000	500.000
Vesturlandsstofa ehf.....	100%	6.000.000	0
Eignarhlutir í öðrum félögum í árslok		<u>6.500.000</u>	<u>500.000</u>

Eigið fé Vesturlandsstofu ehf. skv. ársreikningi 2017 var um 1,3 millj. kr.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum félögum greinist þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Fært í rekstrarreikning
NVB ehf.....	33,3%	500.000	0	(2.881.683)

21. Skammtímakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2017	2016
Niðurfærsla í ársbyrjun	1.182.461	2.068.772
Töpuð krafa.....	0	(156.000)
Niðurfærsla á árinu, breyting.....	(763.031)	(730.311)
Niðurfærsla í árslok	<u>419.430</u>	<u>1.182.461</u>

22. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Handbært fé SSV.....	62.937.917	45.725.083
Handbært fé Sóknaráætlunar.....	40.489.614	1.436.243
Handbært fé alls.....	<u>103.427.531</u>	<u>47.161.326</u>

23. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru óverðtryggðar og bera 5,0% vexti.

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018.....	1.100.400
Árið 2019.....	1.100.400
Árið 2020.....	1.100.400
Árið 2021.....	1.100.400
Síðar.....	362.800
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborgun	<u>4.764.400</u>
Næsta árs afborgun	(1.100.400)
Langtímaskuldir	<u>3.664.000</u>

Fasteignir félagsins, að bókfærðu virði 23,6 millj. kr. í árslok eru veðsettar til tryggingar langtímaskuldum, sem námu 4,8 millj. kr. á sama tíma.

24. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

Eignir þessar eru færðar í sérstaka eignarskrá sem er hluti af bókhaldsgögnum samtakanna.

25. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	2017	2016
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	48.754.965	40.033.645
Hagnaður ársins.....	9.314.499	8.721.320
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>58.069.464</u>	<u>48.754.965</u>

26. Önnur mál

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu lönþróunarsjóðs á árinu 2017. Þar sem aðildarsveitarfélög SSV eru ekki öll aðilar að lönþróunarsjóðnum, er hann ekki tekinn með í ársreikningi samtakanna.

27. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi auk lykil stjórnenda samtakanna eru skilgreindir sem tengdir aðilar samtakanna. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Samtökin hafa átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti samtakanna við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

Rekstraryfirlit Iðnþróunarsjóðs Vesturlands árið 2017

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2017	2016
Vaxtatekjur	41.521	59.487
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(8.304)	(11.897)
Rekstrarniðurstaða ársins	33.217	47.590

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir:	2017	2016
Bankainnistæður	2.099.201	2.065.984
Eignir samtals	2.099.201	2.065.984
Eigið fé:		
Flutt frá fyrra ári	2.065.984	2.018.394
Rekstrarniðurstaða ársins	33.217	47.590
Eigið fé samtals	2.099.201	2.065.984